

Sp.

433. Svar

[136. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Geirs Gunnarssonar um launagreiðslur Íslenska álfélagsins hf.

Með vísun til þeirra staðreynda, sem vakin er athygli á síðar í þessu svari, verður að gera fyrirvara um réttmæti beins samanburðar á tölum milli ára.

Launagreiðslur í heild á hverju ári.

Ár	Laun og launatengd gjöld í heild á hverju ári í milljónum bandaríkjadala
1970	1,94
1971	2,74
1972	3,10
1973	5,36
1974	7,96
1975	7,43
1976	8,25
1977	10,32
1978	11,06
1979	14,26
1980	18,11
1981	17,28
1982	15,83
1983	12,16
1984	12,57

Meðaltímalaun á hverju ári.

Ekki reyndist mögulegt að fá beinar upplýsingar um vinnustundafjölda á ári í fyrirtækinu og því ekki mögulegt að reikna með nákvæmni meðaltímalaun á hverju ári eins og beðið er um.

Meðalheildarlaun á hvern starfsmann á hverju ári.

Ár	Meðalheildarlaun á hvern starfsmann á hverju ári í bandaríkjadöllum
1970	4 449
1971	5 638
1972	6 314
1973	9 321

Ár	Meðalheildarlaun á hvern starfsmann á hverju ári í bandaríkjadöllum
1974	12 943
1975	11 291
1976	11 044
1977	15 065
1978	16 028
1979	20 400
1980	24 842
1981	23 671
1982	21 655
1983	18 258
1984	18 567

**Launagreiðslur miðað við hvert framleitt
tonn af áli á hverju ári.**

Ár	Launagreiðslur miðað við hvert framleitt tonn af áli á hverju ári í bandaríkjadöllum
1970	50,1
1971	65,4
1972	68,0
1973	74,4
1974	114,4
1975	120,2
1976	126,3
1977	141,7
1978	149,9
1979	197,8
1980	242,1
1981	231,6
1982	204,5
1983	157,9
1984	152,6

**Launagreiðslur sem hlutfall af heildarkostnaði
á hverju ári.**

Ár	Launagreiðslur sem hlutfall af heildarkostnaði á hverju ári
1970	8,9%
1971	13,6%
1972	9,8%
1973	12,7%
1974	16,0%

Ár	Launagreiðslur sem hlutfall af heildarkostnaði á hverju ári
1975	12,1%
1976	13,3%
1977	12,8%
1978	13,1%
1979	15,3%
1980	14,1%
1981	13,3%
1982	12,6%
1983	9,9%
1984	10,5%

Heildarlaunagreiðslur árin 1970–1972 eru skv. upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun, árin 1973–1980 skv. Þjóðhagsreikningaskýrslu nr. 3, en árin 1981–1984 skv. árskýrslum Íslenska álfélagsins hf. Upplýsingar um framleidd tonn og heildarkostnað Íslenska álfélagsins eru einnig skv. ársreikningum félagsins.

Upplýsingar um starfsmannafjölda á ári eru skv. Atvinnuvegaskýrslum nr. 7, 26 og 30 mælt í ársverkum. Eitt ársverk jafngildir vinnuframlagi eins manns í fullu starfi í eitt ár en getur einnig átt við um hlutastörf fleiri manna sem samanlagt inna af hendi eitt ársverk. Upplýsingar um fjölda ársverka á árinu 1984 eru þó skv. mati Bygðastofnunar.

Gengi á bandaríkjadal er meðalgengi hvers árs á þeim gjaldmiðli skv. upplýsingum frá Seðlabanka Íslands.

Við umfjöllun um framangreindar upplýsingar er rétt að hafa eftirtaldar staðreyndir í huga:

1. Meiri hluti af tekjum og gjöldum Ísals er í Evrópumyntum, þótt einstakir rekstrarliðir, s.s. rafmagnsverð, séu tengdir dollara.
2. Sveiflur á verðgildi dollarans miðað við íslensku krónuna hefur mikil áhrif á allar töflur sem birtar eru í dollurum til hækkunar eða lækkunar á öllu tímabilinu. Sú mikla hækkun, sem varð á verði dollarans umfram aðra gjaldmiðla, t.d. árin 1982–1984, skeykir því verulega þá mynd sem fram kemur vegna þess að reiknað er í dollurum. Þannig hafa launagreiðslur flestra íslenskra fyrirtækja, þar með talinna útflutningsfyrirtækja, lækkað í dollurum talið á tímabilinu 1982–1984. Benda má t.d. á að hækkun á verði dollarans miðað við íslenska krónu umfram verðbólgu (vísitölu framfærslukostnaðar) á árunum 1982–1984 varð um 59,4%.
3. Einstakir rekstrarliðir hafa hækkað eða lækkað í tengslum við sveiflur á verðgildi dollarans gagnvart íslenskri krónu. Þannig hafa t.d. laun á hvern starfsmann lækkað í dollurum á tímabilinu 1982–1984 þó að laun á hvern starfsmann í íslenskum krónum hjá Ísal hafi hækkað umfram almennar launahækkunar í landinu sé miðað við vísitölu greidds tímakaups iðnaðarmanna sama tímabil.
4. Launagreiðslur miðað við hvert framleitt tonn lækka nokkuð meira sé miðað við hvern starfsmann allra síðustu ár. Hér kemur til að hluta sú framleiðniaukning sem varð í rekstri Ísals þegar tölvustýrðri súralsmiðlun var komið fyrir um leið og gengið var frá mengunarvarnabúnaði. Þær framkvæmdir hófust árið 1980 og lauk árið 1982 og fóru því ekki að skila árangri fyrr en frá þeim tíma.

Slík atriði, sem áður hafa verið nefnd, ber ávallt að hafa í huga öll tímabilin þegar reiknað er í einum gjaldmiðli.